

Alþingi Íslendinga við Austurvöll
Atvinnuveganefnd
Jón Gunnarsson, formaður

EFNI: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Ég afsaka að hafa ekki gert það fyrr en mig langar að koma með nokkrar athugasemdir við frumvarpið.

Í frumvarpinu ekki tekið tillit til fólks sem starfar og á lögheimili erlendis og vill jafnframt halda heimili á Íslandi. Hér er um mjög vaxandi hóp fólks að ræða sem starfar og býr erlendis en vill jafnframt geta átt heimili á Íslandi til að geta komið til Íslands og dvalið með fjölskyldu og vinum. Í þessum hópi eru margir sem í starfi sínu erlendis geta unnið frá Íslandi í gegnum Netið nokkra daga í mánuði í senn með því sem kallað er á Norðurlöndunum „Remote Access“ eða „hjemmekontor“ og er mjög algengt þar. Í Noregi er svokallað „pendling“ einnig mjög algengt en þá starfsmaður lögheimili á öðrum stað en sækir vinnu á öðrum, oft nokkra daga í viku. Til dæmis gæti starfsmaður átt lögheimili og fjölskyldu í Þrándheimi en starfað og búið í nokkra daga í viku í Osló, til þess þarf hann að reka tvær íbúðir og halda tvö heimili. Sömu aðstæður eru fyrir einstakling sem starfar í Osló en á einnig heimili á Íslandi, þar sem hann dvelur kannski einu sinni til tvisvar í mánuði. Enginn munur er hér á Reykjavík og Þrándheimur en báðar borgirnar á sömu breiddargráðu. Til að geta starfað til dæmis í Noregi og haldið jafnframt heimili á Íslandi og dvalið þar reglulega þarf sá einstaklingur að geta leigt út íbúð sína þá daga sem hann dvelur ekki á Íslandi. Að hafa tóma íbúð þegar hann starfar erlendis án þess að hafa tekjur af henni er einfaldlega of dýrt. Er því mikilvægt að hann geti leigt út íbúð sína með auðveldum hætti vegna starfs síns erlendis og jafnframt haldið heimili á Íslandi og haldið þannig áfram nánum tengslum við íslenskt samfélag og fjölskyldu og vini. Er það hagur fyrir íslenskt samfélag að Íslendingar sem starfa og búa að staðaldri erlendis haldi áfram nánum tengslum við íslenskt samfélag. Er því mikilvægt að tekið sé tillit til þessa hóps Íslendinga sem starfa erlendis og vill halda tvö heimili og leigja það út þegar dvalið er erlendis. Augljóslega er ekki hægt að líta á leigu íbúðar við þessar aðstæður sem leigu í atvinnuskyni.

Það væri til dæmis hægt að gera með því að einstaklingar, íslenskir ríkisborgarar, sem hefðu lögheimili erlendis væri heimilt að leigja út heimili sitt eins og um venjulega leigu væri að ræða. Hér má benda á að þegar litið er til heimagistingar og afskipti stjórnvalda af henni, þá ættu þau afskipti fyrst og fremst að vera á grundvelli skattheimtu. Eins og kemur fram í skýrslu Rannsóknarstofnunar atvinnulífsins þá er stærsta vandamálið í gistipjónustu fjöldi óskráðra og leyfislausra gististaða sem líklega standa ekki skil á sköttum. Ekki má heldur blanda saman heimagistingu einstaklega sem eru með sína einu fasteign í útleigu til að drýgja tekjur sínar og þeirra sem eru með margar íbúðir til leigu í atvinnuskyni og eru því raun að reka íbúðahótel með íbúðum á nokkrum stöðum.

Af þessu má sjá að hér er fyrst og fremst um skattmál að ræða og mikilvægi þess að allir gefi upp tekjur sínar vegna leigu. Fyrir fólk sem býr erlendis er mikilvægt að regla 3. mgr. 30. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 um leigu á móti leigu sé gildi hér eftir sem hingað til. Það er að segja að leiguútgjöld einstaklings erlendis séu frádráttarbær leigutekjum einstaklings sem leigir út húsnæði sitt á Íslandi. Frumvarpið ber þess nokkur merki að með því sé verið að koma í veg fyrir eitthvað ætlað svindl sem fólk með heimagistingu á að hafa stundað og að samanburður við Lundúnir er fráleitur, en hér ber að líta til annarra Norðurlanda hvað varðar sama álitafni. Það hefur ekki verið gert eins og lesa má af frumvarpinu.

Jafnframt má efast um það hvort lagafrumvarp þetta standist atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Má í þessu sambandi vísa til hliðsjónar til hæstaréttardóms frá árinu 1938 á blaðsínu 59 í dómasafni (Smákökudómur). Hér erum að ræða frægan hæstaréttardóm sem þar sem starfsemi í heimahúsi var talin varin stjórnarskránni. Einnig ber að líta til þess að þeir sem eru að leigja út heimili sitt hafa fullan rétt að bjóða fólki gistingu á heimili sínu og fellur hún undir friðhelgi heimilisins sem er stjórnarskrávarin réttur sem löggjafinn getur ekki takmarkað eða skert þá friðhelgi.

Osló, 6. maí 2016

Eyjólfur Ármannsson

